



### **Banaslys 28.08. 2006**

Borgarfjarðarvegur Eystri við Fossgerði

Framanákeyrsla

Látin 18 ára kona

Tími sólarhrings: Dagur

### **Lýsing á slysi**

Slysið varð á Borgarfjarðarvegi Eystri við Fossgerði, 3.7 km norðan þéttbýlismarka Egilsstaða. Tildrög slyssins má rekja til kappaksturs ökumanna tveggja fólksbifreiða sem óku í norðurátt frá Egilsstöðum að Eiðum. Óku þeir mjög greitt og skiptust á að taka fram úr hvor öðrum. Bifreiðunum var ekið samsíða rétt fyrir slysið. Ökumaður sem fórst var þá á hægri akrein, en hinn ökumaðurinn á öfugum vegarhelmingi. Á sama tíma var fólksbifreið og gámaflutningabifreið ekið úr gagnstæðri átt. Ökumaður sem ók á vinstri akrein sveigði þá yfir á réttan vegarhelming, fram fyrir ökumann á hægri akrein, sem þá ók til vinstri framan á gámabifreiðina. Áreksturinn var mjög harður. Ökumaður hlaut yfirþyrmandi áverka á höfði, háls hrygg, brjóst hrygg, mænu og ósæð og lést samstundis. Hún notaði ekki bílbelti auk þess sem hún var undir áhrifum áfengis.



**Mynd af slysavettvangi. Fólksbifreiðin gjöreyðilagðist í árekstrinum.**

Vitni voru að árekstrinum og ber þeim saman um að fólksbifreiðunum tveimur sem voru í kappakstri hafi verið ekið með vítaverðum hætti. Ökumaður gámabifreiðarinnar reyndi að afstýra árekstrinum með því að aka útaf veginum til hægri. Samkvæmt ökuritaskífu var gámaflutningabifreiðinni ekið á 63 km/klst hraða þegar áreksturinn varð.

Þar sem slysið varð liggur Borgarfjarðarvegur Eystri í aflíðandi beygju til vinstri m.v. akstursstefnu ökumanns fólksbifreiðarinnar. Vegurinn er með bundnu slitlagi og hámarkshraði er 90 km/klst. Á vettvangi voru hemlaför eftir gámabifreiðina sem lágu til hægri og útaf veginum. Á veginum voru einnig skriðför eftir fólksbifreiðina í aflíðandi boga frá hægri til vinstri. Árekstrarstaðurinn var á vegarhelmingi gámabifreiðarinnar.

Fólksbifreiðin var af gerðinni Daihatsu Charade og gámabifreiðin af gerðinni Scania P94. Margfaldur þyngdarmunur er á ökutækjunum. Bíltæknirannsókn var ekki gerð á bifreiðunum.

### **Orsakagreining**

- Ofsaakstur og kappakstur
- Ölvun ökumanns
- Ökumaður notaði ekki bílbelti.

### **Ábendingar**

Í þessu slysi eins og svo mörgum öðrum sameinast þrjár stærstu orsakavaldar banaslysa í umferðinni hér á landi: Gífurlegur ökuhraði, ölvun við akstur og bílbelti ekki notuð.

Kappakstur á almennum akvegum er mjög alvarleg og vítaverð hegðun. Rannsóknarnefndin beinir því til Alþingis að herða viðurlög við slíku háttarlagi og til lögreglu yfirvalda og dómstóla að fylgja þeim viðurlögum fast eftir. Var þetta í annað sinn á árinu 2006 sem ung stúlka lét lífið í kappakstri á Íslandi.

Um ölvunarakstur gegnir sama máli og beinir rannsóknarnefndin sams konar tilmælum til sömu aðila þar að lútandi.

Rannsóknarnefndin ítrekar fyrri ábendingar um lífsnauðsynlega notkun bílbelta. Nefndin beinir því einnig til sömu yfirvalda að herða viðurlög við vanrækslu í þessum efnunum.

### **Athugasemdir**

Rannsóknarnefndin gerir athugasemd við að bíltæknirannsókn var ekki gerð á bifreiðunum.

**23.4.2007**

**Rannsóknarnefnd umferðarslysa**